



Reykjavík, 15. september 2025

VEL25090053

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Flutningur vinnu- og virknimiðaðrar stoðþjónustu fyrir fatlað fólk úr Bæjarflöt í Skeifuna

Greinargerð:

Við yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga færðust atvinnumál fatlaðs fólks til sveitarfélaga. Í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir segir m.a. í 22. gr.: „skipulag, framkvæmd og rekstur vinnustaða fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virknipjálfun er á ábyrgð sveitarfélaga, nema annað sé sérstaklega ákveðið með samkomulagi ríkis og Vinnumálastofnunar“. Við yfirfærslu voru tveir vinnustaðir í Reykjavík ætlaðir fötluðu fólki með langvarandi stuðningsþarfir, Gylfaflöt og Løjuberg. Í dag eru vinnustaðirnir fjórir en Opus sem nú er staðsett í Völvufelli og SmíRey sem er í bráðabirgðahúsnæði að Lynghálsi hafa bæst við auk þess sem Klúbbhúsið, aðsetur til að stunda tónlist, er í bráðabirgðahúsnæði í Bryggjuhverfinu.

Sl. vor kom í ljós að Eignaskrifstofa borgarinnar náði ekki samkomulagi við leigusala varðandi húsnæðið að Bæjarflöt (Gylfaflöt) og var velferðarsviði gert að tæma húsnæðið fyrir 1. júní 2025. Tímaramminn var knappur en eftir leit og skoðun á mögulegu húsnæði varð Skeifan 8 fyrir valinu. Starfsfólk Gylfaflatar lyfti grettistaki og náðu að tæma húsnæðið og flytja á nýja starfsstaðinn á tilsettum tíma eftir 25 ára starfsemi í Bæjarflöt. Húsnæðið að Skeifunni er ca 1800 fermetrar, bjart og fallett. Húsnæðið er ekki hannað fyrir þá starfsemi sem velferðarsvið er með og því þarf að gera talsverðar breytingar þannig að vel fari um það fatlaða fólk sem er í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu. Til stendur að færa starfsemi Opus í Skeifuna (núverandi húsnæði er bráðabirgðahúsnæði) þegar búið er að framkvæma þær breytingar sem þarf til að húsnæðið uppfylli kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Í Skeifunni stendur velferðarsviði til boða að leigja viðbótarhúsnæði sem myndi henta einkar vel fyrir starfsemi SmíRey og Klúbbhússins auk listasmiðju. Slíkt fyrirkomulag myndi henta einkar vel og vera starfsemi vinnu- og virknimiðaðrar stoðþjónustu til framdráttar. Verið er að kanna möguleika á að leigja húsnæðið ef til þess fæst fjárheimild.

Flutningur starfseminnar úr Bæjarflöt í Skeifuna mæltist misjafnlega fyrir hjá starfsfólki vinnu- og virknimiðaðrar stoðþjónustu og voru sumir mjög ósáttir við flutningana, m.a. á þeirri forsendu að þau hefðu ráðið sig vinnu í Grafarvogi. Þá voru starfsfólk og stjórnandi í Opus verulega ósátt við flutninginn í Skeifuna þrátt fyrir að frá upphafi starfseminnar hafi legið fyrir að Opus væri í bráðabirgðahúsnæði. Þau töldu húsnæðið ekki mæta þörfum þeirra fötluðu einstaklinga sem nýta þjónustu Opus. Aðstandendur voru boðaðir til fundar í Skeifunni þar sem farið var yfir stöðuna, fyrirhugaða flutninga og starfsemina framundan. Fundurinn fór í alla staði vel fram og niðurstaða fundarins var að flutningi Opus í Skeifuna verður frestað þar til búið er að gera nauðsynlegar breytingar á



Reykjavík



húsnæðinu til að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem nú fá þjónustu í Völvufelli. Sótt hefur verið um styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að framkvæma nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu en svar hefur ekki enn fengist.

Nú eru um 70 fatlaðir einstaklingar í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu á velferðarsviði og auk þess veitir starfsemin um 30 fötluðum einstaklingum stuðning á einn eða annan hátt í atvinnu sem annars væru í beinni þjónustu.

Árleg nýliðun og aukin þörf á þróun og nýbreytni gerir að verkum að mikil þörf er fyrir viðbótarhúsnæði undir vinnu- og virknimiðaða stoðþjónustu. Árlega útskrifast fötluð ungmenni af starfsbrautum framhaldsskólanna og þurfa virkniúrræði. Þessi árlega nýliðun í þjónustuna er ávallt áhyggjuefni þar sem brottfall er mjög takmarkað. Vegna þessa er unnið að því að skoða hvort velferðarsvið geti sett á laggirnar dagdvöl fyrir aldrað fatlað fólk, en nú eru 17 einstaklingar 67 ára og eldri í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu hjá velferðarsviði og Ás styrktarfélagi. Ef af dagdvöl yrði þá væri árleg nýliðun mun auðveldari í framkvæmd en nú er.



Reykjavík